


Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðarbæjar

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	1.9.2016
Málsnr:	1609061
Bréfal:	52/1

Við undirrituð, eigendur íbúðar 506, Skipalóni 1, Hafnarfirði, óskum eftir leyfi til að setja handrið á vestursvalagólf á íbúð 506, Skipalóni 1, og opna úr stofunni út á svalirnar.

Sigurlaug Sigurjónsdóttir hjá ASK arkitektum, hefur samþykkt þessa framkvæmd og fylgir tölvubréf frá henni ásamt teikningum. Hún leggur til að notað verði samskonar handrið og er á öðrum svölum hússins.

Byggingafyrirtækið Fjarðarmót, sem byggði Skipalón 1, er reiðubúið að vinna verkið þegar tilskilin leyfi fást.

Meðfylgjandi er afrit af bréfi til eigenda Skipalóns 1 þar sem óskað er eftir samþykki þeirra fyrir þessari framkvæmd. Svör eigendanna verða send Umhverfis- og skipulagssviði Hafnarfjarðarbæjar um leið og þau liggja fyrir.

Við vonum að þetta bréf sem og fylgigögn séu fullnægjandi, en við erum að sjálfsögðu reiðubúin að veita allar nánari upplýsingar.

Virðingarfyllt,

Hafnarfirði 31. ágúst 2016



Jón Helgi Þórarinnsson

Kt. 0209573369

sími 8985531

jonhelgithor@gmail.com




Sólveig Sigríður Einarsdóttir

kt. 0405664309

sími 6964766

solveigseinars@gmail.com



Frá: Sigurlaug Sigurjónsdóttir

Dags.: mán., 29. ágú. 2016 12:32

Til: Sólveig Sigríður Einarsdóttir;

Afrit: Una Eydís Finnsdóttir;

Efni: RE: Svalir í Skipalóni 1.

Sæl Sólveig,

fyrirgefðu dráttinn á þessu en hér er tillaga að aukasvölum. Annar gaffinn á svölunum væri ljósgrænn og hinn dökkgrænn.

Þessi breyting hefur áhrif á skráningartöflu og þar með eiganskiptasamning. Það kemur ekki til greina að það komi svalalokun á þessar svalir. Það væri bara sagað niður úr glugganum þar sem hurðin kemur.

Heyri frá þér hvort þú vilt halda áfram með þetta svona.

Með kveðju


Sigurlaug Sigurjónsdóttir

arkitekt F.A.Í

Sími 515 0312

GSM 856 0312

www.ask.is · Eyritvari



Íbúar Skipalóni 1, Hafnarfirði

Við undirrituð, Sólveig Sigríður Einarsdóttir og Jón Helgi Þórarinsson, höfum keypt íbúðina nr 506, Skipalóni 1. Okkur langar að flytja sem fyrst inn í þessa íbúð og tilheyra því góða samfélagi íbúa sem við finnum að þarna er.

Íbúð 506 hefur þaksvalir í austur en ekki svalir í suðvestur eins og aðrar íbúðir í Skipalóni 1. Við höfum tekið eftir því hve sólríkar suðvestursvalirnar eru og söknum þess að geta ekki notið sólar og útsýnis af þeim. Rætt var um að gera slíkar svalir við íbúð 506, þar sem gólf svalanna er til staðar. Af því varð þó ekki.

Sigurlaug Sigurjónsdóttir hjá ASK arkitektum, hefur samþykkt þessa framkvæmd og fylgir tölvubréf frá henni ásamt teikningum. Hún leggur til samskonar handrið eins og er á öðrum svölum hússins.

Byggingafyrirtækið Fjarðarmót, sem byggði Skipalón 1, er reiðubúið að fara í þessa framkvæmd þegar tilskilin leyfi fást.

Embætti byggingafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar tekur málið fyrir á fundi sínum 7. september n.k. en getur þó ekki afgreitt málið endanlega fyrr en afstaða allra eigenda Skipalóns 1 liggur fyrir. Framkvæmdin kallar á breytingar á eignaskiptasamningi og því þarf samþykki allra eigenda Skipalóns 1 fyrir henni.

Á stjórnarfundi 30. ágúst 2016 fjallaði stjórn húsfélagsins Skipalóni 1 um þessa beiðni. Þar var eftirfarandi samþykkt: "Stjórnin sér ekkert því til fyrirstöðu að þetta verði gert, en með því skilyrði að allir eigendur Skipalóns 1 samþykki breytingartillöguna"

Með þessu bréfi óskum við undirrituð eftir samþykki allra eigenda Skipalóns 1 að fá að setja handrið á svalagólf suðvestur úr íbúð 506 og opna þangað út sbr. teikningu arkitekts sem hér fylgir.

Við biðjum ykkur að gefa okkur svar með því að fylla út þetta blað og koma því í pósthólf 506, Skipalóni 1, eða senda okkur það á meðfylgjandi netföng. Það væri afar mikils virði að svör bærust í síðasta lagi 5. september.

Að sjálfsögðu berum við undirrituð allan kostnað sem af þessu hlýst. Við erum fús að veita allar nánari upplýsingar og svara fyrirspurnum.

Með innilegum þökkum
Hafnarfirði 31. ágúst 2016

Jón Helgi Þórarinsson, gsm 8985531, jonhelgithor@gmail.com
Sólveig Sigríður Einarsdóttir, gsm 6964766, solveigseinars@gmail.com

Svar: Við undirritaðir eigendur íbúðar _____ Skipalóni 1,
Hafnarfirði, samþykkjum ofangreinda beiðni eigenda íbúðar 506, Skipalóni 1.

Nöfn / kennitölur _____

